

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

BRYNDÍS SVERRISDÓTTIR / 1990



LEIKIR BARNA UM ALDAMÓTIN 1900

KENNARAHEFTI



## HVERNIG LÉKU BÖRN SÉR ÁÐUR FYRR ?

Um aldamótin var mjög lítið um verksmiðjuframleidd leikföng hér á landi og notuðust börn því við ýmislegt, sem til féll, svo sem húsdýrabein og skeljar. Í leikjum sínum líktu þau eftir störfum fullorðna fólksins og settu upp bú, þar sem öll sveitastörf voru unnin. Inni í landi voru húsdýrabein algengustu leikföngin, en við sjávarsíðuna léku börnin sér oftast að skeljum. Við sjóinn var algengt að menn hefðu búskap og stunduðu sjóinn jafnframt og kom það fram í leikjum barnanna. Skeljarnar voru húsdýr, en einnig voru litlir bátar algengir og var þeim siglt á pollum í flæðarmálinu.

Auk húsdýrabeina og skelja voru fiskbein vinsæl leikföng. Handlagnir menn skáru út fugla og fleiri myndir úr ýsubeinum og gáfu börnum. Stundum voru þessir fuglar lítaðir og gerðir sem líkastir fyrirmyndunum. Kvarnir úr þorskhausum voru notaðar sem spilapeningar og í getruleik. Brúður voru yfirleitt heimatilbúnar, oft úr tuskum eða skinni, en stundum var höfuðið keypt í búð. Þær gátu verið mjög einfaldar, ef til vill aðeins spýta, vafin tuskum, en einnig eru dæmi um mjög vandaðar brúður í vel saumuðum fötum.

Á veturna léku börn sér úti við og renndu sér á skíðum eða skautum. Í stað skíða voru stundum notaðir tunnustafir, en í stað skauta hrossaleggir, sem gerð voru göt á og leðurreimar þræddar í.

Stundum var mjaltastólnum hnuplað úr fjósinu og börnin renndu sér á honum á svellinu.



Ef vont var veður fengu börnin að leika sér í baðstofunni að gullum úr gullastokknum sínum, en það gátu verið völr, leggir, kjálkar, skeljar og fleiri gersemar. Á vorin var allur þessi búfénaður fluttur út á bæjarhólinn eða undir húsvegg. Kona, fædd í Austur - Húnavatnssýslu árið 1908, segir svo frá:

"Fyrir ofan bæinn (...) eru hólar, en lækur hefur klofið þá í tvennt. Ytri hóllinn var óræktaður að sunnan og ofan, þar bjuggum við með hornin á sumrin, en þá þurfti yfir lækinn, það var ævintýri út af fyrir sig. Uppi á hólum rótuðum við í mold, lögðum vegi og gerðum tún. (...) Þegar haustaði og sláttur var búinn fluttum við suður á Lambhúshólinn. Hann var líka snarbrattur. Bæirnir hétu: Brekka, Hlíð, Stapi og Steinastaðir. Þarna höfðum við mikið umleikis og sérstaklega var bróðir minn gefinn fyrir að henda fénu upp um alla hóla. Það var mikið verk að fara í göngurnar. Réttin var úr spýtum, sem lagðar voru á jörðina, dílkarnir voru í kring. (...) Húsin voru eins og réttin, spýtur lagðar í krær og garða. Við áttum smávegis hey, sem við gáfum á garðana og röðuðum svo hornunum sitt hvorum megin og hausarnir sneru að garðanum. Svo hleyptum við fénu út í heimalöndin og smöluðum og létum það inn áður en við yfirgáfum það."

#### Umræðuefni:

- \* Hvar léku börn sér áður fyrr og hvar nú?
- \* Leika börn einhverja svipaða leiki í dag og þá, sem lýst var hér að framan ?

#### VINNA OG LEIKUR

Börn voru snemma sett til vinnu og ábyrgðar. Yngstu börnin voru látin tæja ull, þ.e. reita hana sundur með fingrunum áður en hún var sett í kambana. Um sex ára aldur áttu börn að geta þrjónað sokka og vettlinga og ekki var óalgengt að átta ára börnum væri ætlað að skila tveimur sjóvettlingum á viku. Vinnudagur barna var oft álíka langur og fullorðna fólksins. Börnin hafa sjálfsagt reynt að gera sér vinnuna léttbærari, eins og orð séra Friðriks Friðrikssonar bera vott um:

✕ "Í Breiðagerði var jeg látinn fara að vinna dálítið að mínu hæfi, en ekki var mjer sjerlega sýnt um það og leiddist fremur flest störf, nema ef jeg gat látið ýmindunaraflíð gera leik úr þeim. Jeg lærði að þrjóna og það þótti mjer einna skemmtilegast. Þá gat jeg leikið mjer í huganum við að þrjóna æfi mína. Jeg settist á eitthvert rúm, er jeg tók þrjónana, og kallaði það bæjarnafni. Við fyrstu



lykkjuna fæddist jeg. Fjórir þrjónarnir voru hinar fjórar árstíðir. Svo þegar jeg var búinn með nokkrar umferðir flutti jeg mig á kistil eða annað rúm og þóttist flytja búferlum. Svo fjölguðu árin með umferðunum og væri svo kallað á mig að gera eitthvað annað, svo jeg yrði að leggja frá mjer þrjónana, þá þóttist jeg deyja, og æfisögunni var lokið í það sinn. - Var oft í mjer mesta kapp að verða sem elstur og fór ekki frá verkinu ónauðugri en jeg býst við að jeg fari þegar þar að kemur í lífinu. Þessir og þvílíkir dagdraumar finnst mjer hafi haft nokkra þýðingu fyrir þroska minn."

#### Umræðuefni:

- \* Hvað vinna börn í dag?
- \* Hafa þau einhverjar skyldur á heimilunum?
- \* Reyna þau að breyta vinnu í leik?



#### UNDIRBÚNINGUR UNDIR FULLORÐINSÁRIN

Margir barnaleikir voru undirbúningur undir fullorðinslífið. Börnin fylgdust með fullorðnum fjölskyldumeðlimum að störfum og líktu eftir þeim í leikjum sínum. Hlutverkaskipting á heimilum var mun greinilegri en hún er í dag og þetta kom fram í leik barnanna. Þó virðast bæði kynin yfirleitt hafa tekið jafnan þátt í búleikjunum og annast umhirðu "húsdýranna". Ekki þótti þó við hæfi að stúlkur iðkuðu galsafengna leiki eins og hlaup, stökk og hryggspennu. Þá fór betur á því að þær léku sér með brúður og bökuðu drullukökur. Einn heimildamanna Þjóðminjasafnsins, fæddur árið

1897, segir svo frá:

"Annars var það afar algengt að strákar hefðu horn, völu, leggi og kjálka, en stelpurnar væru með brúðuleik og bakstur. Þó gat borið við að þær hefðu líka hornabú og þeir matargerðina, en brúður voru held ég fátítt leikfang stráka. (...) Einkanlega var það kaffibrauðið sem telpurnar höfðu með höndum, þó margvísleg önnur matargerð væri líka í búskapnum, jafnvel grautur. En kökurnar voru aðallistaverkið, og þó þær séu yfirleitt nefndar drullukökur, og talað um drullubú, þá voru þær aldrei gerðar úr mykju, heldur mold og vatni eftir þörfum. Þessi kökugerð var margvíslega skreytt og útlúruð með blómum og laufblöðum og fögrum steinum ef til voru. Líka voru brot úr upphleyptum leirilátum notuð til að móta í þær margskonar rósir. Ég er viss um að fáum konum hefir verið eins sárt um kökurnar sínar eins og sumum telpum um drullukökurnar sínar."

Og kona, fædd 1905 í S - Múlasýslu, segir:

"Ýmsir leikir voru þó til, sem ekki þóttu hæfa drengjum og aðrir, sem ekki hæfðu stúlkum. Drengir tóku ekki þátt í brúðuleikjum eða moldarkökubakstri. Það var of stelpulegt. Stúlkur fóru ekki í glímur eða neins konar áflog við stráka, það þótti ókvenlegt."

#### Umræðuefni:

- \* Er einhver munur á leikjum drengja og stúlkna í dag?
- \* Leika þau sér með sömu leikföng?
- \* Eru leikir þeirra undirbúningur undir fullorðinslífið?
- \* Fylgjast börn nú til dags með fullorðnum að störfum?

#### LEIKFÖNG ÚR BEINUM

##### Leggir

Leggir úr sauðfé voru oftast notaðir sem hestar og var haldið á þeim milli vísifingurs og löngutangar þegar farið var í reiðtúra. Oft var líka bundið í þá snæri. Sums staðar voru framfótaleggir notaðir sem reiðhestar, en afturfótaleggir sem áburðarjálkar. Börn lituðu gjarnan leggina, t.d. með

því að vefja um þá bandi og dýfa þeim ofan í litunarpottinn, þegar verið var að lita ullarband, eða þau létu þá liggja í flórnum um tíma eða brenndu þá yfir kertisloga. Síðan var leggjunum gefið nafn, og sérstakir góðhestar þekktust á því að þeir höfðu teiknibólu í afturendanum. Leggir voru einnig notaðir í bæjarhús, fjárhús, réttir eða girðingar. Stórgripaleggir virðast sjaldan hafa verið notaðir í búleik, en aftur á móti voru hrossaleggir notaðir sem skautar: Ísleggir.

Kona, fædd 1897 í Dalasýslu:

"Þá er eitt skemmtilegt af húsdýrunum ótalið: það eru leggirnir. Af fullorðnum kindum voru fínustu reiðhestarnir, höfðum við þá allavega lita, meira að segja græna. Ekki veit ég hvernig okkur datt það í hug. Suma lituðum við með kólor. Kólor var mjúkur, rauður steinn, var hægt að skrifa með honum á venjulega steina. Sumir (leggirnir) voru látnir liggja í flórnum um tíma. Var vafið fast utan um þá hingað og þangað svo að þeir urðu skjóttir. Suma létum við í sortulyngslög og urðu þeir fallettri á litinn eftir því hvað lögurinn var sterkur."

## Horn

Horn af sauðfé voru yfirleitt látin tákna þær skepnur, sem þau höfðu tilheyr. Horn kinda voru kindur, horn af lömbum voru lömb og horn af hrútum voru hrútar, en slík horn þóttu afar verðmæt, enda fremur sjaldgæf. Ef nota átti horn í leik, þurfti fyrst að losna við slógina innan úr þeim, og þótti best að láta þau liggja úti nokkurn tíma, því þá losnaði hún smám saman af sjálfu sér.

Maður fæddur í Vestur - Skaftafellssýslu árið 1882 segir frá:

"Þegar búendur fóru að reka fé í afrétt að vorinu fórum við að koma okkar fé í afréttinn okkar. Það var nú ekki langt að reka hjá okkur, því fyrir afrétt höfðum við torfþök á húsum því nóg var af þeim í þá daga, og dreifðum við búfénaðinum um þessa fjallahnúka víða, og þar var það til hausts. En þegar búendur fóru að slá, þá urðum við einnig að afla heyja og það gerðum við í hjáverkum að sumrinu með því að reyta gras af gördum. Fjárhús, hesthús og fjós byggðum við fyrir sláttinn, svo og hlöður fyrir heyið. Svo þegar búendur fóru að smala afrétt sinn að haustinu, urðum við líka að smala okkar afrétt og kom þá í ljós, að vondar heimtur urðu úr sumum hnúkunum, því

þar hafði verið rándýr um sumarið. Það voru auðvitað hundar heimilisins, sem voru rándýrin, og urðum við því að hafa okkar fénað í húsum frá því að það kom af fjalli og þar til voraði á ný."

Annar heimildamaður, fæddur 1897, getur þess að úr hornum hafi verið gerðar kringlur, sem voru látnar skoppa eftir vellinum:

"Kringlurnar voru gerðar úr ærhornum. Best voru horn af kúphyrdum ám. (...) Fyrst var slónni náð úr hornunum. Fór hún raunar oftast sjálfkrafa við nokkra geymslu. Til að flýta fyrir mátti skjóta horninu inn í fjós um tíma. Kringlan var þannig gerð að stikli eins hornsins var stungið upp í slóarop hins, þar til kominn var hringur. Það var ágæt kringla ef fjögur horn stóðu heima í kringluna. (...) Ég minnst þess, að ef ég ekki elti strákana undi ég tímum saman við að skoppa þessu leikfangi. Aðferðin var sú að halda um kringluna með annarri hendi, og var litli fingur lítið notaður í takinu, eða jafnvel beygður öfugt við hina utan á kringluna. Svo var reitt um öxl, og kringlunni kastað af öllu afli fram í skoppið."

### **Kjálkar**

Kjálkar virðast hafa verið mun minna notaðir en leggir. Þar sem þeir voru notaðir, táknuðu þeir stórgripi, oftast kýr. Kjálkar voru einnig notaðir í kjálkabardaga. Þá mættust tveir andstæðingar með kjálkana sína og kræktu þeim saman, og sá vann, sem fyrst braut framan af kjálka hins.

### **Völur, tábein og kjúkur**

Valan gat haft mörg hlutverk og var ómissandi í búskaparleiknum. Sauðfjárnvölur táknuðu oftast kindur í leikjum, en gátu einnig verið hundar, lömb eða folöld. Völubein úr kúm táknuðu kýr. Völur voru einnig notaðar sem "spákonur". Var þá farið með þulu um leið og völnni var snúið í hringi yfir höfðinu. Þulurnar gátu verið dálítið mismunandi, en eina má lesa í leikjaheftinu á bls 21. Eftir að farið hafði verið með þuluna var valan látin detta á gólfið og svarið fór eftir því hvernig hún lenti -já, nei, veit ekki.

Kjúkur voru notaðar sem sauðfé; kjúkur úr lömbum voru lömb og kjúkur úr fullorðnu fé voru



kindur. Kjúkurnar mátti einnig nota sem folöld.

Tábein úr sauðfé voru stundum notuð sem hundar eða hrafnar. Þau voru einnig notuð sem lömb í refsák.

## SKELJAR

Margvíslegar skeljar voru notaðar í búleikjunum, en dálítið var misjafnt hvaða skel táknaði hvaða dýr. Kona, fædd við Ísafjarðardjúp árið 1896 segir svo frá:

"Þar sem ég var og þekkti til höfðu börn gullabú úti við; byggðu sér smábæ; hlóðu upp úr torfi og hellum smákofa sum svo myndarlegan að þau gátu setið inni tvö til þrjú en hjá sumum var það minna; en þó var hægt að láta inn búpeninginn, sem auðvitað var skeljar; kúskeljar kýr, gimburskeljar fé, öðuskeljar hestar, olnbogaskeljar svín og krákuskeljar folöld. (...) Hörpudiskar voru notaðir fyrir diska í búinu..."

## LEIKFÖNG ÚR ÖÐRUM EFNUM

Leikföng voru búin til úr ýmsu sem til féll. Tvinnakefli voru til margra hluta nýtsamleg. Úr þeim voru gerðar skopparakringlur, flautur, þylur og hestalestir. Þau mátti einnig nota við að blása sápukúlur, en álfarfjöðurstafir þóttu betri. Bátar voru gerðir úr pappír eða spýtukubbum. Þeytisþjöld, sprellíkarlar o.fl. var gert úr spýtu eða stífum pappa.

Brúður voru gerðar úr tuskum. Fyrst var höfuðið sniðið og stoppað upp með ull og nokkur spor tekin fyrir augu, nef og munn. Þá var búkurinn gerður á sama hátt, en stundum var smáspýta láatin nægja. Brúðan var loks klædd í fót og sett á hana hár úr ull, oftast fléttur.

Fræjum úr lokasjóði, "peningagrasi", var safnað í eldspýtnastokk og voru þau notuð í stað peninga. Festar voru fléttaðar úr ífflum. Ýmis blóm voru notuð sem skraut á drullukökurnar, sem bakaðar voru í búinu. Starkóngur var fléttaður úr sefgrasi og ýlustrá voru sívinsæl leikföng.

### Umræðuefni:

- \* hvaðan koma barnaleikföngin nú á dögum?
- \* eiga börn einhver heimatilbúin leikföng í dag?
- \* þekkja börnin einhver ofantalinna leikfanga?

## HUGMYNDIR UM NOTKUN KASSANS

### Umræður

Kassinn er ætlaður börnum á öllum aldri. Hann má nota í samfélagsfræðikennslu, t.d. þegar rætt er um hlutskipti barna fyrr á tímum, verkaskiptingu á heimilum, hóbýlahætti, vinnuhörku og fleira. Í umræðum má bera saman hlutskipti barna fyrr og nú. Dæmi:

### Um aldamót

- ...bjó allt heimilisfólkið saman í baðstofu
- ...voru bæir oft einangraðir, börn áttu fáa leikfélaga
- ...voru verksmiðjuframleidd leikföng afar sjaldgæf en leikföng gerð úr því sem til féll
- ...var vinnuharka mikil og börn höfðu ákveðin verkefni á heimilum

### Nú á dögum

- ...eiga flest börn sérherbergi
- ...eiga flest börn marga leikfélaga í skólum og á dagvistarstofnunum
- ...er til mikið úrval af leikföngum
- ...eru börn oftast laus við aðrar kvaðir en skólagöngu

### Leikjasöfnun

Hvað breytast leikir hratt? Þekkja börn í dag leiki foreldra sinna eða leiki afa og ömmu? Nemendur geta tekið viðtöl við fjölskyldumeðlimi og kynnt sér gamla leiki. Eins gætu þau tekið saman lista yfir leiki sem þau kunna og e.t.v. teiknað myndir af börnum í leik. eða skrifað ritgerðir um leiki.

## Leikfangasmiðja


Búðirnar eru fullar af alls kyns leikföngum. Ef svo væri ekki, hvernig væri þá hægt að búa til ný leikföng? Látið nemendur koma með afganga eða umbúðir heiman frá sér og látið þá búa til leikföng. Hvernig myndu þau t.d. bjarga málunum ef boltar væru ófáanlegir, en þau þyrftu nauðsynlega á þeim að halda í leik?

Einnig mætti fara í gönguferð og reyna að finna hluti úti við, sem breyta má í leikföng.

## Sýning

Að lokinni umfjöllun væri hægt að halda sýningu á leikföngum, teikningum út frá efninu, sögum og ljóðum um leiki barna.

Fuglar skornir úr ísbeini.



## Heimildir:

Jón Árnason og Ólafur Davíðsson: Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur. K.höfn 1887.  
Séra Friðrik Friðriksson: Óðinn XXI. Rvk 1925.  
Heimildaskrár Þjóðhátadeildar Þjóðminjasafnsins.  
Sigríður Sigurðardóttir og Hallfríður Baldursdóttir: Leikföng úr beinum. Ritgerð, H.Í. 1981.

## Myndir:

Baðstofa. "Mrs. Hugh" Blackburn. 1878. (forsíða)  
Sölubúð í Reykjavík. Melton Prior. ca 1855. (hluti myndar, bls. 2)  
Börn að leik. Burton. 1872. (hluti myndar, bls. 4)

©Bryndís Sverrisdóttir 1990.